

KÍGHÓSTI

MEÐGANGA OG BÓLUSETNING

ICD-10 greining:

A37.0 Kíghósti af völdum Bordetella pertussis

Sjálfkrafa flutningur mótefna er yfir fylgjuna til barnsins á meðgöngu og er sá flutningur mestur frá 32-34 vikum. Þannig er barnið varið fyrir ýmsum sýkingum fyrstu mánuði ævinnar. Við bólusetningu barnshafandi kvenna er verið að sækjast eftir því að mótefnatoppur sem móðirin myndar eftir bólusetningu fari þannig yfir fylgjuna og veitir barninu vörn þar til það fær sínar bólusetningar.

Mótefnin geta varið barnið strax frá fæðingu fram til um 6 mánaða aldurs en þá hafa flest börn sem eru bólusett skv. almennum bólusetningum á Íslandi myndað eigin vörn gegn kíghósta. Almennar bólusetningar ungbarna hefjast við 3 mánaða aldur og er þá m.a. bólusett gegn kíghósta.

KÍGHÓSTI

Bakterían Bordetella pertussis veldur kíghósta. Smitleiðin er úðasmit (hósti, hnerri) og tími frá smiti þar til einkenni koma fram eru 7-14 dagar. Ung börn eru í mestri hættu á að veikjast alvarlega af kíghósta. Barnshafandi konur eru ekki í meiri hættu en aðrir á að veikjast alvarlega. Ófædda barnið smitast ekki í móðurkviði.

Barnshafandi kona sem hefur komist í snertingu við kíghósta eða er með líklegan eða staðfestan kíghósta ætti að fá viðeigandi meðferð ef hún umgengst náið óbólusett börn. Það gildir einnig um konur með barn á brjósti. Meðferðin miðar að því að hindra frekara smit.

Sjá nánar [Infpreg](#) og vef [Embættis landlæknis](#)

BÓLUSETNING Á MEÐGÖNGU

Mælt er með því að bólusetja með Boostrix® eða Boostrix –polio®. Boostrix-polio® má nota ef Boostrix® er ekki til eða komið að endurbólusetningu fyrir Polio. Bóluefnið veitir vörn í allt að 10 ár.

Bólusetja má á öllum tímum meðgöngunnar ef þörf er á, en oftast er miðað við 16-32 vikur. Bólusetning fram að fæðingu hefur að öllum líkindum einhver verndandi áhrif en ekki er víst að barnið verði varið fæðist það innan viku frá bólusetningu.

Vegna skammlífs mótefnatopps er mælt með að bólusetja konu á hverri meðgöngu þar sem hátt magn mótefna þarf að vera í móðurbólóði sem fer yfir fylgjuna til að mynda nægjanlega vörn fyrir nýburann.

- Mælt er með bólusetningu við 28 vikur vegna þess að allar konur ættu að koma í meðgönguvernd á þeim tíma.
- Mælt er með bólusetningu í hverri meðgöngu

Bólusetja má samtímis fyrir kíghósta og influensu, helst í sitthvorn handlegg/útlím. Ef stungið er í sama handlegg/útlím þarf að vera a.m.k. 2.5 cm á milli stungustaða. Það má gefa anti Rhesus D mótefnasprautu (Rhophylac® 1500 a.e.) á sama tíma og bólusett er fyrir kíghósta.

Tvær vikur þurfa að líða milli Covidbólusetningar og annarrar bólusetninga sem eru gefnar á meðgöngu.

MÆÐRAVERND ÞÍH ENDURSKOÐAÐ APRÍL 2025